

Reykjavík, 18. nóvember 2022.

Ágæti viðtakandi.

Efni: Kjaraviðræður - undirritun umboðs og samkomulags vegna öflunar upplýsinga með rafrænum hætti (gagnalón).

Samband Íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem til þess veita umboð sitt. Gildistími allra kjarasamninga sveitarfélaga rennur út á næsta ári. Sambandið undirbýr nú kjaraviðræður við 62 stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga. Hluti af þeim undirbúningi er að endurnýja fullnaðarumboð sambandsins ásamt því að safna upplýsingum um laun og önnur starfskjör starfsmanna hlutaðeigandi sveitarfélaga/stofnana.

Af þessu tilefni óskar Samband Íslenskra sveitarfélaga eftir endurnýjuðu fullnaðarumboði til kjarasamningsgerðar fyrir hönd sveitarfélags/stofnunar, sbr. **fskj. 1**. Umboðið felur m.a. í sér skuldbindingu hlutaðeigandi sveitarfélags/stofnunar til að afhenda sambandinu upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna sveitarfélags/stofnunar með rafrænum hætti, eða í gegnum svokallað gagnalón, sbr. **fskj. 2 og 3**. Einnig heimilar sveitarfélagið/stofnunin að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið.

Í ljósi framangreinds skal tekið fram að í byrjun árs 2021 ýtti Samband Íslenskra sveitarfélaga úr vör verkefni er lýtur að því að safna upplýsingum með rafrænum hætti í svokallað gagnalón. Verkefnið var m.a. kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í október sl. og mun gagnalónið stórefla tæknilega innviði sambandsins, einkum þar sem það gerir því kleift að afla upplýsinga um ýmsa starfsemi sveitarfélaga í rauntíma.

Fyrsti hluti þessa verkefnis snýr að því að afla launaupplýsinga frá sveitarfélögum með rafrænum hætti. Verður upplýsingum safnað mánaðarlega beint úr launakerfum sveitarfélaga án þess að valda auknu vinnuálagi á starfsfólk, sbr. **fskj. 3**. Með þessu fyrirkomulagi fær sambandið áreiðanlegri rauntímaupplýsingar um launakostnað sem skiptir verulegu máli við komandi kjaraviðræður. Auk ofangreinds munu þessar launaupplýsingar nýta sambandinu og sveitarfélögum með ýmsum hætti. Í því samhengi má m.a. nefna möguleika á að miðla skilgreindum tölfræðiupplýsingum í samráði við sveitarfélög sem þau geta nýtt t.d. með því að gera samanburð við önnur sveitarfélög.

Til þess að sambandið geti annast kjarasamningagerð samkvæmt umboði og á grundvelli upplýsinga úr gagnalóni þurfa hlutaðeigandi aðilar að undirrita samkomulag um sameiginlega ábyrgð, sbr. **fskj. 2**, til viðbótar við kjarasamningsumboðið. Samkomulagið er nauðsynlegt þar sem um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og persónuverndarreglugerðar (ESB) 2016/679. Á grundvelli þessa samkomulags mun sambandið m.a. skuldbinda sig til þess að útbúa svokallað mat á áhrifum persónuverndar (MÁP) en hlutaðeigandi sveitarfélag/stofnun skuldbindur sig m.a. til þess að annast fræðsluskyldu. Í því felst einkum að það er hlutaðeigandi sveitarfélag/stofnun sem annast um svokallaðan upplýsingarétt hins skráða komi beiðni fram af hans hálfu, enda eru það sveitarfélögin/stofnanir sem hafa aðgang að þeim upplýsingum sem upplýsingarétturinn nær til.

Sambandið hvetur viðtakendur þessa bréfs að láta persónuverndarfulltrúa sinn/sérfræðing á sviði persónuverndar kynna sér efni umræddra skjala.

Sambandið býður öllum viðtakendum þessa tölvuskeytis á **kynningarfund á Teams** þar sem farið verður nánar yfir þær breytingar sem hér um ræðir og gefst öllum hlutaðeigandi tækifæri til þess að bera fram spurningar vegna þessa. Ráðgert er að taka fundinn upp og þeir sem ekki komast á fundinn geta óskað eftir að fá hana senda.

Kynningarfundur:

Hvenær: Hinn 28. nóvember 2022 kl. 15:00.

Hvar: Teams

Lögð er rík áhersla á að útfyllt skjöl verði send til sambandsins eins fljótt og auðið er.